



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

### Ályktun sjómannaþingar Verkalýðsfélags Akraness

Aðalfundur sjómannaþingar Verkalýðsfélags Akraness haldinn mánudaginn 30. desember 2013 skorar á sjávarútvegsráðherra að taka verðlagsmál sjávarafurða til gagnerrar endurskoðunar í ljósi þeirrar bláköldu staðreyndar að þjóðarbúið í heild sinni verður af milljörðum króna ár hvert vegna þess nú er í gildi tvöföld verðlagning á sjávarafurðum.

Krafa sjómannaþingar VLFA er að allur fiskur fari á markað eða að fiskmarkaðsverð verði ætíð látið gilda þegar veiðar og vinnsla eru á einni og sömu hendi og afla landað beint inní vinnsluna.

Það liggur fyrir að sjómenn vítt og breitt um landið hafa um allanga hríð verið afar ósáttir við það viðmiðunarfiskverð sem úrskurðarnefnd sem skipuð er samkvæmt lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs ákvarðar. Það liggur einnig fyrir að viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs er jafnan langt undir því verði sem fæst þegar fiskur er seldur í opnum viðskiptum í gegnum fiskmarkaði. [Ískýrslu sem KPMG](#) gerði fyrir Samtök fiskframleiðenda í fyrra kemur fram að ef útgerðarmenn hefðu látið markaðsverð á fiskmörkuðum gilda, þá hefði aflaverðmætið hækkað um 18 milljarða.

Það er morgunljóst að hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir þá sjómenn sem eru látnir taka laun sín eftir því lágmarksverði sem Verðlagsstofa skiptaverðs ákveður. Enda hafa útgerðir í auknum mæli hætt að landa afla á fiskmarkaði og tekið aflann beint inní vinnsluna hjá sér og greitt sjómönnum viðmiðunarverðið sem úrskurðarnefndin ákvarðar, en ekki markaðsverð. Hér munar gríðarlegum upphæðum.

Þetta þýðir að sjómenn verða af miklum tekjum, sveitarfélögin verða af útsvari, ríkissjóður af tekjuskatti og hafnarsjóðir sveitarfélaganna af hafnargjöldum, því aflaverðmætið verður mun minna en ef öll viðskipti með fisk fara fram á markaðsverði. Nemur þetta tap þjóðarbúsins mörgum milljörðum ár hvert. Þeir einu sem græða eru útgerðarmennirnir!

Núna berast fréttir af því að sumar útgerðir hyggist draga úr vægi frystingar og vinnslu á sjó en efla í staðinn landvinnsluna. Það er augljóst að útgerðin sér mikla hagræðingu fóligna í þessu breytta veiðimynstri enda mun útgerðin m.a. ekki lengur þurfa að greiða sjómönnum eftir afurðaverði á hverjum tíma fyrir sig heldur mun útgerðin geta notað þetta skammarlega lága viðmiðunarverð sem úrskurðarnefnd samkvæmt lögum Verðlagsstofu skiptaverðs ákvarðar.

Í ljósi þessara staðreynda er gríðarlega mikilvægt að sjávarútvegsráðherra taki á þessu mikla hagsmunamáli sjómanna og þjóðarinnar í heild sinni og komi hér á eðlilegri og sanngjarnari verðmyndun sjávarafurða með hagsmuni þjóðarinnar í heild sinni að leiðarljósi.